

REGLUGERÐ

62

9. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

1. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjald.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettó stærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á Innrihöfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 80 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 200 krónur á sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflið a. og b.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.